

2299. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 11. október 2023 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli.

Mættir stjórnarmenn: Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður, Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir (á Teams, vék af fundi kl. 18:33) og Unnar Stefán Sigurðsson.

Forföll: Pálmi Haraldsson og Orri V. Hlöðversson.

Mættir varamenn: Hildur Jóna Þorsteinsdóttir (tók sæti Pálma Haraldssonar) og Jón Rúnar Halldórsson (tók sæti Orra Hlöðverssonar).

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Þá tók Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri KSÍ sæti á fundinum undir dagskrárlið 3.

Fundargögn:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var þegar samþykkt
 - a. Fundargerð 2298.
 - b. Á milli funda samþykkti stjórn KSÍ á rafrænan hátt nýja reglugerð KSÍ um umboðsmenn.
2. Fundargerðir nefnda og fréttir frá ÍTF
 - a. Jón Rúnar Halldórsson varaformaður ÍTF, flutti frétti af vettvangi samtakanna m.a. um endurmat á tímabilinu og ferð fulltrúa félaganna til Danmerkur.
 - b. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
 - ✓ Starfshópur um kynjajafnrétti 15. júní
 - ✓ Starfshópur um kynjajafnrétti 29. september 2023
 - ✓ Fræðslunefnd 5. október 2023

Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri KSÍ tók sæti á fundinum.

3. Fræðslumál
 - a. Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri kynnti tillögu fræðslunefndar um sektarákvæði vegna þjálfara sem hafa ekki þjálfararéttindi í samræmi við reglugerð KSÍ, UEFA Pro gráðu í efstu deildum. *Stjórn samþykkti að taka upp sektarákvæði kr. 40.000.- pr. leik í Íslandsmóti frá og með 2026.* Stjórn fól laga- og leikreglnanefnd ásamt fræðslunefnd að færa ákvæðið í reglugerð sem og skoða viðurlög varðandi brot á öðrum ákvæðum um menntun þjálfara. Ítrekað mikilvægi þess að upplýsa aðildarfélög KSÍ sem fyrst um þetta sektarákvæði.

Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri KSÍ vék af fundi.

4. Stefnumótun KSÍ
 - a. Farið yfir lykildagsetningar, m.a. kynningarfund UEFA með stjórn og starfsfólki 20. október næstkomandi. Stefnan verður kynnt fyrir aðildarfélögum KSÍ á formanna- og framkvæmdastjórafundum 25. nóvember.
5. Lög og reglugerðir
 - a. Tekin var til afgreiðslu tillaga til breytinga á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót í framhaldi af umræðu á síðasta stjórnarfundum og úrvinnslu laga- og leikreglnanefndar. *Stjórn KSÍ samþykkti tillögu um breytingar á ákvæðum 13.4, 13.5, 15.7 og 35.1;*

- 13.4 Þátttökutilkynningar í vegna landsmótum meistaraflokka skulu berast skrifstofu KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 10. nóvember, janúar ár hvert. Þátttökutilkynningar vegna móta yngri flokka skulu berast KSÍ á sérstökum eyðublöðum fyrir 5. janúar ár hvert. Þátttöku í öðrum mótum, þ.m.t. Utandeild, skal tilkynna um skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ. Félög sem rétt eiga til þátttöku í landsdeildum meistaraflokks skulu þó staðfesta þátttöku sína þar með formlegum hætti fyrir 1. nóvember árið áður. Þátttökutilkynningar félags verðura ekki tekinnar gild nema uppfylltar séu gerðar kröfur skv. þátttökutilkynningu. til greina nema nauðsynlegar upplýsingar fylgi skv. reglugerðum KSÍ og fyrirmælum mótanefndar, sem og
- 13.5 Helmingur heildargjalds vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara- og aðstoðardómara vegna leikja í deildakeppni og bikarkeppnum og ógreiddar skuldir fyrra árs skal gert upp samhliða tilkynningu um þátttöku í mótum. Eftirstöðvar þessara gjalda og þátttökugjöld skal inna af hendi eigi síðar en 30. mars í upphafi hvers keppnistímabils. sama ár ella hefur þátttökutilkynningin ekki verið staðfest.

15. grein - Framkvæmd og skipulag leikja

- 15.7 Breyting á útgefinni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félög sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar hagað niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félög missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð.

35. grein - Ekki mætt til keppni

- 35.1 Lið, sem ekki mætir til leiks og hefur engar gildar ástæður, telst hafa tapað leiknum 0-3. Viðkomandi lið getur ekki orðið sigurvegari í yfirstandandi móti eða riðli, getur ekki tekið þátt í úrslitakeppni, getur ekki flust í næstu deild eða riðil fyrir ofan næsta keppnistímabil og getur ekki varist falli, þurfi markamismunur að skera úr um röð neðstu liða. Viðkomandi leikur getur heldur ekki ráðið úrslitum er grípa þarf til markamismunar við ákvörðun sætis hjá sigurvegaranum og skulu mörk í leikjum gegn því félagi, sem mætti ekki til leiks, ekki teljast með í slíkum tilfellum. Mótanefnd skal haga niðurröðun í næsta móti þannig, að lið sem ekki hefur mætt til leiks án gildra ástæðna, fái ekki leik á heimavelli gegn viðkomandi liði.

- b. Umræðu um tillögu til breytinga á ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, varavelli, var frestað.
- c. Stjórn KSÍ samþykkti tillögu laga- og leikreglnanefndar um félagaskiptaglugga 2024:

Félagaskiptagluggi efri deilda karla og kvenna

Besta deild karla, Besta deild kvenna, Lengjudeild karla, Lengjudeild kvenna og 2. deild karla.

Fyrri gluggi (12 vikur): 1. febrúar til 24. apríl 2024

Sumargluggi (4 vikur): 17. júlí til 13. ágúst 2024;

- Ath; Aðeins Besta deild karla, Besta deild kvenna og Lengjudeild karla

Sumargluggi (2 vikur): 17. júlí til 31. júlí 2024;

- Ath; Aðeins Lengjudeild kvenna og 2. deild karla

Félagaskiptagluggi neðri deilda karla og kvenna

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild karla (ef við á).

Félagaskiptagluggi: 1. febrúar til 31. júlí 2024

Félagaskiptagluggi yngri flokka loki 31. júlí 2024

(Félagaskiptagluggi opni aftur við lok mótahalds KSÍ í yngri aldursflokkum sama ár).

- d. Sigfús Ásgeir Kárasón, formaður laga- og leikreglnanefndar kynnti stjórn nýjar reglur FIFA um lán leikmanna (tímabundin félagaskipti). Málið mun koma formlega til kasta stjórnar síðar á þessu ári.

6. Laugardalsvöllur

- a. Rætt um leikina framundan á Laugardalsvelli (A karla, A kvenna og Breiðablik). UEFA hafnaði fyrr í dag beiðni KSÍ og Breiðabliks um að leika leik félagsins í Sambandsdeild UEFA þann 30. nóvember utan Íslands.
- b. Rætt um ráðstafanir sem gerðar verða til þess að halda Laugardalsvelli leikhæfum og kostnað sem til fellur. KSÍ leitar eftir aðstoð frá barna- og menntamálaráðuneyti, Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ til að ná kostnaði niður.
- c. Rætt um Laugardalsvöll, yfirborð vallarins og undirhita. Unnar Stefán Sigurðsson formaður mannvirkjanefndar kynnti gögn frá mannvirkjanefnd um málið. Frekari upplýsingar þarf áður en stjórn getur tekið ákvörðun um tegund yfirborðs.

Stjórn KSÍ ítrekar fyrri ályktun um að þörf sé á tafarlausum og löngu tímabærum ráðstöfunum á Laugardalsvelli með aðkomu borgar og ríkis til að tryggja að bæði félagslið og landslið geti spilað á vellinum yfir vetrarmánuðina. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að ítreka afstöðu sambandsins við eiganda vallarins, Reykjavíkurborg og einnig við ráðuneyti íþróttamála.

7. Móta- og dómaramál

- a. *Tillaga um skipan í starfshóp um varaliðskeppni kvenna, sbr. samþykkt síðasta ársþings, var samþykkt:*
 - Helga Helgadóttir KSÍ, formaður
 - Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, Valur
 - Dóra Sif Sigtryggsdóttir, Þór/KA
 - Hugrún Hjálmarsdóttir, Höttur
 - Fulltrúi ÍTF
 - Magnea Guðlaugsdóttir, ÍA
 - Þorsteinn Ingason, Gróttta
 - Birkir Sveinsson mótastjóri KSÍ, starfsmaður
- b. *Stjórn KSÍ samþykkti að stofna til starfshóps um endurskoðun staðalsamninga og skipa eftirtalda í hópinn:*
 - Birgir Jóhannsson, ÍTF
 - Flosi Eiríksson, Breiðablik
 - Gísli Guðni Hall, Samninga- og félagaskiptanefnd
 - Sif Atladóttir, Leikmannasamtökin
 - Sigurður Kristinn Pálsson, Valur
 - Sunna Björk Atladóttir, Tindastóll
 - Haukur Hinriksson KSÍ, starfsmaður
- c. Stjórn ræddi um fyrirbyggjandi hugmynd um stofnun Norðurlandadeildar mfl. kvenna. Stjórnin tók jákvætt í hugmyndina og samþykkti að skoða málið frekar með ÍTF en gert er ráð fyrir því að kostnaður falli ekki á KSÍ.
- d. Umræðu um þátttökugjöld í mótin 2024 var frestað og fjárhags- og endurskoðunarnefnd falið að undirbúa tillögu til stjórnar.

8. Barna- og unglingsstyrkur KSÍ

- a. Umræðu frestað þar sem ekki liggja fyrir nauðsynleg gögn frá UEFA. Stjórn var sammála um að mikilvægt sé að finna meira viðeigandi nafn á styrkinn.

9. Landsliðsmál

- a. Rætt um komandi landsliðsverkefni, m.a. um aukaleik Íslands og Austurríkis um laust sæti á HM U20 kvenna.

10. Önnur mál

- a. Jafnréttisstofa hefur staðfest jafnlaunastaðfestingu KSÍ.

- b. Lagt fram erindi varðandi „viðbragðsaðila á íþróttaviðburðum“. Stjórn fagnaði frumkvæðinu en telur KSÍ ekki geta komið að því og gert upp á milli deilda hvað slíkt varðar. Þá hvetur stjórn KSÍ til þess að allir sem vettlingi geti valdi taki námskeið í endurlífgun og að aðildarfélög KSÍ sjái til þess að hjartastuðtæki sé aðgengilegt á öllum völlum landsins.
- c. Lagt fram til afgreiðslu erindi frá félögum í Lengjudeildinni varðandi verðlaunafé. Stjórn hafnaði erindinu, enda er það skilningur KSÍ að verðlaunafé í deildarkeppnum komi frá ÍTF.
- d. Lagt fram erindi frá ÍTF vegna markaðsátaks í Bestu deild kvenna. Stjórn KSÍ fagnaði framtakinu og samþykkti ósk ÍTF um fund vegna málsins.
- e. Rætt um dagskrá á formanna- og framkvæmdastjórafund sem verður þann 25. nóvember næstkomandi.

Næstu stjórnarfundir:

- 31. október kl. 16:00, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)
- 25. nóvember, formanna- og framkvæmdastjórafundur
- 29. nóvember kl. 16:00
- 7. desember, stór fundur (stjórn, varamenn og fulltrúar landshluta)

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið kl. 18:45.